

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 298/2024

2025/EES/25/47

frá 6. desember 2024

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1688 frá 12. júní 2024 um að setja frammistöðumarkmið innan alls Sambandsins að því er varðar netið fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar fyrir fjórða viðmiðunartímabilið sem hefst 1. janúar 2025 og lýkur 31. desember 2029 ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 66xk (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/317) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„66xka. **32024 D 1688**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1688 frá 12. júní 2024 um að setja frammistöðumarkmið innan alls Sambandsins að því er varðar netið fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar fyrir fjórða viðmiðunartímabilið sem hefst 1. janúar 2025 og lýkur 31. desember 2029 (Stjtið. ESB L, 2024/1688, 17.6.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2024/1688, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. desember 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. desember 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1688, 17.6.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2024/1688/oj

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.